

# Reglur endurvinnslustöðva SORPU

Þín heimsókn er ein af milljón heimsóknum á endurvinnslustöðvar SORPU hvert ár. Reglur endurvinnslustöðvanna hjálpa starfsmönnum og viðskiptavinum að eiga ánægjulega heimsókn. Reglurnar varða undirbúning heimsóknar, umgengni og þjónustu á stöðinni:

- ✓ *Úrgangur skal vera flokkaður áður en komið er á stöðina, það flýttir fyrir afgreiðslu.*
- ✓ *Flokkum sem mest í endurnýtingar- eða endurvinnslufarveg*
- ✓ *Setjum sem minnst í urðun, gámar númer 4, 6 og 66*
- ✓ *Notum glæra poka til að auðvelda flokkun og eftirlit*
- ✓ *Greitt er fyrir gjaldskyldan úrgang eftir rúmmáli, sjá gjaldskrá. Öll frávik frá gjaldskyldu verða innheimt og kærð til lögreglu. Stöðin er vöktuð með öryggismyndavélum*
- ✓ *Æskilegt er að farmar séu innan við 2 m<sup>3</sup> að stærð og bílar stærri en tveggja öxla eru ekki leyfðir á römpunum*
- ✓ *Vinsamlegast sópið og gangið vel frá eftir losun*
- ✓ *Ekki er leyfilegt að gramsa og taka úr gámunum vegna öryggissjónarmiða*
- ✓ *Vinsamlegast hafið bíla ekki í gangi meðan á losun stendur*
- ✓ *Reykingar/rafsígarettur eru bannaðar á rampi og við gámana á plani*
- ✓ *Starfsfólk okkar leiðbeinir með flokkun farma. Viðskiptavinir skulu sjálfir geta komið þungum hlutum í réttan gám*
- ✓ *Virðum afgreiðslutíma stöðvarinnar. Ekki er leyfilegt að skilja eftir úrgang fyrir utan hlið*
- ✓ *Börn eru á ábyrgð fullorðinna.*

Sýnum þolinmæði, tillitssemi og göngum snyrtilega um stöðina.

## Tilgangur endurvinnslustöðvanna:

- ✓ Endurvinnslustöðvarnar eru fyrir heimili og smærri fyrirtæki
- ✓ Endurvinnslustöðvar taka við spilliefnum frá heimilum og koma til öruggrar eyðingar
- ✓ Markmiðið er að koma sem mestum úrgangi til endurvinnslu/endurnýtingar.

## Verið velkomin

Ítarlegar flokkunarleiðbeiningar, gjaldskrá ofl. er að finna á [sorpa.is](http://sorpa.is).